

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis i5, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 10. júlí 2018 breytingu á deiliskipulagi iðnarsvæðis i5. Breytingin felur í sér að hámarkshæð fóðursílóa og súrefnistanka hækkar úr 8 m í 10 m. Einnig verði skilmálar fyrir framleiðslugetu ekki skilgreindir í fjölda tonna heldur verður vísað í starfsleyfi hverju sinni.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Grindavík, 20. september 2018.

Ármann Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2018